

MOSFELLINGUR

8. tbl. 5. árg. föstudagur 2. júní 2006. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós.

Góð útkoma vinstri flokkanna



Hér má sjá sigurvegara kosninganna Karl Tómasson og Jónas Sigurðsson mæta á kjörstað bann 27. maí í Lágafellsskóla. Karl Tómasson oddviti Vinstri grænna mætti ásamt Lineyju Ólafsdóttur konu sinni og Birnu dóttur þeirra. Jónas Sigurðsson oddviti Samfylkingarinnar kom í fylgd með Guðrúnu Skúladóttur konu sinni. Niðurstöður kosninganna urðu þær að meirihluti Sjálfstæðisflokksins féll. Þegar blaðið fór í prentun stóðu ennþá yfir meirihlutaviðræður Framsóknar, Samfylkingar og Vinstri grænna.

EIGN VIKUNNAR



**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**

Fálkahöfði

NÝTT Á SKRÁ 3ja herb.

91 m², 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbyli á flottum stað á vestursvæðinu
Verð kr. 21,9 m.

Kjarna,
Pverholti 2
Mosfellsbæ

586 8080


www.fastmos.is



Sjá nánar
á bls. 6-7



Einar Páll Kjærnested
lögfróður fasteignasali



Munkabrauð er gerlaust brauð
með haframjelli og heilum sólkeiðnum.

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

JÓNS B. ehf.
Flugumýri 2 Mosfellsbæ.

Símar: 566-7660 og 697-7685.

Fax: 566-8685.

Netfang: jonrett@internet.is



Þjónustuverkstæði.

Þjónustustæði í fyrirtæki. Útvegunn bókaleigubúna.



gjórnaskólinn

Carotronics sálvæðing



Nýr meirihluti í Mosfellsbæ

Mikil spenna ríkti eftir tölum úr Mosfellsbæ á kosninganótt. Mjótt var á munum allt frá fyrstu tölum til úrslitastundar. Rafmagnað andrúmsloft var á öllum kosningavökum flokkanna sem og væntanlega heimilum bæjarbúa. Það var svo ekki ljóst fyrr en rúmlega tvö um nóttina að meirihlutinn væri fallinn.

Ég ætla svo sannarlega að vona það að lífið og fjörið sem var hér í bænum fyrir kosningar haldi áfram að lifa og dafna. Bærinn iðaði af lífi og þannig viljum við alltaf hafa hann, jafnt fyrir sem eftir kosningar. Þegar þessi orð eru rituð sitja Fram-



bæjarstjórnar næstu fjögur árin.

sókn, Samfylking og Vinstri grænir á fundi um myndun hugsanlegs meirihluta. Ég persónulega hefði vilja að mynda meirihluta rétt áður en blaðið færi í prentun svo ég gæti skellt þeirri mynd í blaðið og sýnt bæjarbúum hverjir munu verða í forystu

Hilmar Gunnarsson
ritstjóri

LEIÐARI

Á kjörskrá: 5.005
Talin atkvæði: 3.741 (74,75%)
Auð og ógild: 101 (2,02%)




Nafn	Listi	Atkv.
1. Ragnheiður Ríkhardsdóttir	D	1.776
2. Jónas Sigurðsson	S	906
3. Haraldur Sverrisson	D	888
4. Marteinn Magnússon	B	605
5. Herdís Sigurjónsdóttir	D	592
6. Karl Tómasson	V	454
7. Hanna Bjartmars Arnardóttir	S	453

Næst(ur) inn:
Hafsteinn Pálsson

D 444

Vantar uppá 36 atkvæði



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar Ungmennafélagið Afturelding varð 45 ára. Við það tækifæri voru stofnendur félagsins gerðir að heiðursfélögum. Það er gaman frá því að segja að fjórða til hægri á myndinni er Ágústína Jónsdóttir. Minningarsjóðurinn sem gefinn var Aftureldingu á dögnum var einmitt í nafni hennar og dóttur hennar, Guðfinnu. Myndin er tekin þann 11. apríl 1954. Þeir sem geta gefið upplýsingar um nöfn hinna stofnfélaganna eru beðnir um að hafa samband við Ernu í s. 820 7255 eða umfa@simnet.is.

MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Álafossvegi 18, s. 694-6426 og 897-7664.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson

Ritstjórn: Hilmar Gunnarsson,

Karl Tómasson og Ágúst B. Linn.

Blaðamenn og pistlahöfundar:

Ásgeir Jónsson, Friðrik G. Olgeirsson, Hanna Símonardóttir, Högni Snær Hauksson, Kara Hergils Valdimarsdóttir, Þrándur Gíslason og Örn Franzson

Umbrot og hönnun:

Mosfellingur ehf.

Prófkör: Hjördís Kvaran Einarsdóttir

Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson


Prentun: Prentmet, prentað í 3000

eintökum og dreift frítt inn á öll

heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ,

Kjalarnes og Kjós.


Mosfellingur kemur út að jafnaði á tveggja til þriggja vikna fresti allt árið um kring.



Börnin
í bænum

FERMINGARMYNDIN hennar Diddúar

Ég var fermd með Ásdísi systur minni í Dómkirkjunni þann 27. október 1968. Prestur var séra Jón Auðuns. Mér er það eftirminnilegt úr athöfninni þegar við systur fengum hláturskast af taugaveiklun og áttum fullt í fangi með okkur. Þarna sátum við og hristumst úr hlátri og "heysáturnar" á höfðunum á okkur hristust líka og sveifluðust fram og til baka. Til allrar lukku hrundu þær ekki niður en það mátti litlu muna.



Það tók okkur 2 ár að finna draumalandið en aðeins 30 mínútur að fjármagna kaupin

Það er bara einn þeirra fjölmörgu kosta sem ég nýt í Vörðunni.

Það hefur sannarlega sína kosti að vera í Vörðunni, vildarþjónustu Landsbankans. Við berum traust til viðskiptavina okkar og leyfum þeim að njóta ávinnings af því með fyrirgreiðslu og auknum sveigjanleika til að haga lífi sínu að vild.

Það gerum við meðal annars með því að auðvelda Vörðufélögum lántöku á betri kjörum.



GÓTT FÓLK MEGAN



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Njóttu þess að vera í Vörðunni



Stekkjarflötinn í uppbyggingu

Ákveðið var á bæjarstjórnarfundum þann 24. maí síðastliðinn að verja tveimur milljónum króna til þess að halda áfram framkvæmdum á Stekkjarflöt við Álafoss. Svæðið skartar nú þegar lítilli tjörn og stóru listaverki eftir Magnús Tómasson sem heitir Hús tímans – hús skáldsins. Þess er óskandi að Stekkjarflötinn verði í framtíðinni ennþá skemmtilegri útivistarparadís fyrir Mosfell- inga og aðra.



Flugeldaskúr tekinn í gegn

Gamli flugeldaskúrinn í eigu björgunarsveitar Kyndils hefur fengið andlitslyftingu og verður notaður í sumar við Varmárvöll sem sjoppa á leikjum og einnig sem fundaraðstaða. Skúrinn var málaður og skipt var um gler í honum. Það voru foreldrar fót- boltadrengrja sem tóku verkið að sér og Mosfellsbær fjármagnaði endurnýjunina.



Reykjalundur fær góða gjöf

Fjölskylda hjónanna Hauks Níelssonar og Önnu Steingrímsdóttur á Helgafelli, færði Reykjalundi veglega gjöf þann 24. maí síðastliðinn. Gjöfin var afar höfðingleg og hljóðaði upp á þrjár milljónir króna. Þessi gjöf mun vafalítið hjálpa mikið til við að styrkja það starf sem fram fer á Reykjalundi.

Sigurbjörn á Kiðafelli verður næsti oddviti Kjósarhrepps

Nýr meirihluti í Kjósinni



Á-listinn í Kjósinni fékk meirihluta atkvæða í nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum. Hermann á Hjalla fór fyrir listanum, Guðríður Helen frá Lækjarbraut skipaði annað sætið og Sigurbjörn á Kiðafelli var settur í baráttusætið og jafnframt teflt fram sem oddvitaefni listans. Það er því ljóst að Sigurbjörn verður næsti oddviti Kjósarhrepps. Á-listinn lagði upp með veglega stefnuskrá og að þeirra sögn kom það skemmtilega á óvart að þau skildu hafa komist í meirihluta. Slagorð listans er „áform, áhrif og árangur“. Eitt helsta stefnumál þeirra er að byggja upp atvinnulíf á sviði þjónustu og búa til störf á því sviði. Sjálfbær atvinnutækifæri í vistvænu umhverfi. Þau vilja gera Kjósina að heillandi kosti og halda sjálfsstæði sínu sem lengst. Á-listinn vill þakka K-listanum, Kröftugum Kjósarmönnum, fyrir heiðarlega kosningabaráttu með von um gott samstarf næstu árin sem og með öllum íbúum í sveitinni.

Kjósarhreppur

Fjöldi fulltrúa: 5
Á kjörskrá: 122
Talin atkvæði: 108 (88,52%)
Auð og ógild: 4 (3,28%)

Orðsending frá Vorboðunum

Nýutkomið smárit á vegum Mosfellsbæjar, Frístund, er því miður ekki laust við villur.

Við félagar í Vorboðunum, sem er kór eldri borgara á vegum félagsstarfsins, erum t.d. ekkert mjög ánægðir með að ekki er minnst á kórinn okkar með öðrum kórum í okkar söngglaða samfélagi. Þegar aðrir kórar fá umfjöllun hver fyrir sig er Vorboðanna getið í þremur smáleturslínunum, undir heitinu Félagsstarf eldri borgara, sem sagt nokkur „gamalmenni“ að syngja með honum Páli einu sinni í viku. Við erum ekki ánægð með að það sé ekki lítið á okkur sem „alvöru kór“.

Máli mínu til sönnunar vil ég nefna það sem við höfum gert fleira í vetur en að raula á æfingum á mið-



vikudögum. Á starfsárinu sem er að líða verða staðirnir 22 sem við höfum sungið á, fyrir utan æfingar. Þar af er söngur á tíu heimilum aldraðra, allt frá Reykhólum í vestri til Hellu og Hvolsvallar í austri. Það hefur verið lögd mikil áhersla á, þau 17 ár sem kórinn hefur starfað, að heimsækja

þessi heimili og hefur okkur ævinlega verið vel fangað. Við leggjum því mikið kapp á að gleðja þetta fólk, sem getur lítið farið.

Í þessari tölu er 17. júní söngur hér í Mosfellsbæ, en af einhverjum ástæðum erum við beðin um að syngja á þjóðhátíðardaginn núna, við erum því ekki alveg gleymd þó að við séum ekki sýnilegir en þetta á prenti með öðrum kórum bæjarins.

Með ósk um að Frístund verði vandaðri næst, það eru fleiri hraðvirknisvillur núna, sem ýmsir hafa séð.

F.h. Vorboðanna, kórs eldri borgara í Mosfellsbæ.

María S. Gísladóttir
formaður



ALLAR TJÓNAVIÐGERÐIR

FLUGUMÝRI 16A - S. 566 7778



Vinstri-græn í Mosfellsbæ

Þökkum Mosfellingum stuðninginn í kosningunum 27. maí

VG-Mos



*Kæru Mosfellingar
Þökkum ykkur hjartanlega stuðninginn 27. maí.
Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins*



Kjarna, Þverholti 2
Mosfellsbæ

Sími: 586 8080
www.fastmos.is



Einar Páll
Löggiltur fasteignasali



Hildur



Egilína



Viðihóll I – Mosfellsdal

NÝTT Á SKRÁ

96 m² hús á 5.000 m² eignarlóð við Viðihól 1 í Mosfellsdal. Í húsinu eru 3 svefnherbergi, fallegt eldhús, baðherbergi m/sturtu, stofa og setustofa með arni. Á lóðinni er einnig gróðurhús og sundlaug. Þetta er falleg staðseting í miðjum Mosfellsdalnum, rétt við Hrísrú og Mosfell.

Verð kr. 31,9m.



Leirutangi – 92 m² jarðhæð.

NÝTT Á SKRÁ

Þessi var að koma – 92 m² neðri hæð í fjórbýlishúsi í grónu og barnvænu hverfi í Mosfellsbæ. Góð aðkoma er að íbúðinni og stór sérgarður. Stofan er björt og rúmgóð, eldhús með borðkrók, gott svefnherbergi, baðherbergi m/kari, þvottahús/geymsla og stórt herbergi.



Blikahöfði – 143,2 m² endaraðhús

NÝTT Á SKRÁ

Endaraðhús á einni hæð á stórrí hornlóð í vinsælu hverfi í Mosfellsbæ. 3 svefnherbergi, eldhús með góðum borðkrók, stofa, setustofa, sér þvottahús og baðherbergi. Sambyggt bílskúr og stór timburvernd að austan og vestanverðu. Frábær staður, golf, skóli, sundlaug og gönguleiðir.

Verð kr. 36,5 m.



Skeljatangi – 4ra herb. jarðhæð

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá 94,2 m², 4ra herbergja íbúð á jarðhæð í fjórbýlishúsi á barnvænum og fallegum stað, innst í botnlanga við Skeljatanga í Mosfellsbæ. 3 góð svefnherbergi, baðherbergi m/kari. Rúmgóð stofa og eldhús með borðkrók. Hellulögd vernd og séráfnót af garði. Gangstétt hellulögd með snjóbræðslu.

Verð kr. 22,5 m.



Grundartangi – 80,4 m² raðhús

NÝTT Á SKRÁ

80,4 m² raðhús á einni hæð. 2 svefnherbergi, baðherbergi m/kari, geymsla/þvottahús, björt stofa og eldhús m/borðkrók. Íbúðin er björt og rúmgóð. Gott aðgengi er að íbúðinni og sér garður í suðvestur og barnvænt umhverfi.

Verð kr. 21,6 m.



Tröllateigur – 151,4 m² lúxusíbúð

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá í sölu mjög stóra og bjarta 4ra herbergja íbúð í afar vöndaðri lyftublokk ásamt bílastæði í upphitaðri bílageymslu. 3 stór svefnherbergi, björt og rúmgóð stofa, eldhús með fallegri mahony innréttingu, tvö baðherbergi, sér þvottahús og tvær geymslur. 18 m² svalir í suðvestur. Íbúðin getur verið laus til afhendingar strax. Áhv. 19,2 m. frá Glitni með 4,15% vöxtum.

Verð kr. 33,9 m.



Fálkahöfði – 3ja herb.

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá 91 m², 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli á flottum stað á vestursvæði Mosfellsbæjar. Íbúðin er mjög falleg, ný máluð og eikarparketi og flisum á gólfi. Tvö rúmgóð svefnherbergi með kirsuberjaskápum, flisalagt baðherbergi með baðkari, sér þvottahús, rúmgóð stofa og afstúkað eldhús með borðkrók. Stórar svalir í suðvestur með góðu útsýni.

Verð kr. 21,9 m.



Hagaland – 152,8 m² neðri sérhæð

NÝTT Á SKRÁ

122,1 m² neðri sérhæð í tvíbýlishúsi ásamt 30,7 m² alvöru bílskúr á fallegum stað innst í botnlanga í grónu hverfi í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, bjart eldhús og góð stofa. Þetta er falleg og snyrtileg eign rétt við miðbæ Mosfellsbæ, stutt í skóla og á íþróttasvæðið að Varmá.

Verð kr. 29,9 m.



Birkiteigur – 2 íbúða hús.

NÝTT Á SKRÁ

Erum að fá 324 m², tvíbýlishús á tveimur hæðum í byggingu. Á jarðhæð er 80,4 samþykkt íbúð. Einnig er 33,1 m² bílskúr og 73,6 m íbúðarrými á jarðhæð auk 136,2 m² aðalhæðar með miklu útsýni. Íbúðirnar verða seldar saman, tilbúna til innréttinga.

Mynd
vantar



Litlákriki 17 – 265 m² einbýlishús

NÝTT Á SKRÁ

Til sölu 265,8 m² einbýlishús á einni hæð við Litlákrika 17 í Mosfellsbæ. Um er að ræða steinsteypt einbýlishús á tveimur pöllum, sem verður afhent fókelt skv. ÍST 51. 41 m² bílskúr, forstofa, unglingaherbergi, gestasalerni og þvottahús á neðri palli, en 3 svefnherbergi, baðherbergi og mjög stór stofa/borðstofa og eldhús á efri palli. Þetta verður reisulegt hús með góðum suðurgarði.

Verð kr. 43,9 m.



Arnarhöfði – 189,7 m² endaraðhús

NÝTT Á SKRÁ

189,7 m² endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr við Arnarhöfða í Mosfellsbæ. Á jarðhæð er stór stofa, eldhús með fallegri viðarinnréttingu, borðstofa, svefnherbergi, forstofa og gestasalerni. Á 2. hæðinni eru tvö stór svefnherbergi og möguleiki á 2 öðrum svefnherbergju, þvottahús og baðherbergi. Stór suðvesturgarður og svalir í suðvestur með miklu útsýni. Þetta raðhús er á flottum stað í Höfðahverfinu, stutt er á golfvöllinn og leikskóli, grunnskóli og sundlaug (í byggingu) eru í göngufjarlægð.

Verð kr. 41,9 m.



Kjarna, Þverholti 2
Mosfellsbæ

Sími: 586 8080
www.fastmos.is



Einar Páll
Löggiltur fasteignasali



Hildur



Egilína



Lágholt – 165,8 m² einbýlishús

Erum með 128,6 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 37,2 m² bílskúr á góðum stað í hjarta Mosfellsbæjar. 4 svefnherbergi, stofa, borðstofa, eldhús, baðherbergi og stórt þvottahús. Húsið er byggt 1968 og þarfnast endurbóta. Skóli, íþróttastað og stundlaug rétt hjá sem og miðbær Mosfellsbæjar.
Verð kr. 32,5 m.



Tröllateigur – 167,1 m² endaraðhús

167,1 m² endaraðhús á tveimur hæðum í nýbyggðu hverfi við miðbæ Mosfellsbæjar. Á jarðhæð eru stofa, borðstofa, eldhús, gestasalerni og bílskúr, en á 2. hæð eru 3 góð svefnherbergi, vinnuherbergi, þvottahús og stórt baðherbergi. Flísar og bambusparket á gólfi og fallegar innréttingar í eldhúsi og baði. Áhvilandi kr. 27,0 milljónir með 4,15-4,2% vöxtum
Verð kr. 41,5 m.



Súluhöfði – Efri sérhæð m/aukaíbúð

Erum með glæsilega 216,7 m² efri sérhæð með tvöföldum bílskúr og aukaíbúð á jarðhæð. Aðalhæðin er 125 m² og skiptist í þjú svefnherbergi, mjög stórt eldhús með glæsilegri innréttingu, borðstofu, stofu og baðherbergi. Einnig er innangengt í 41 m² tvöfaldan bílskúr. Á jarðhæðinni er 50 m² flott (ósamp.) íbúð með eldhúsi og baðherbergi m/sturtu.
Verð kr. 53,9 m.



Álmholt – 236 m² einbýli + aukaíbúð

Erum með 236,1 m² einbýlishús með aukaíbúð í kjallara, þar af 48,2 m² tvöfaldur bílskúr. Aðalhæðin er 140 m² og skiptist í stofu, eldhús, þvottahús, 4 svefnherbergi og baðherbergi. Í kjallara er björt 2ja herbergja íbúð tilvalin til útleigu eða fyrir unglinginn. Húsið stendur innarlega í lóðinni og stórt og gott bílapiplan og mikill suðurgarður. Áhvilandi hagstæð 12,0 milljón kr. lán. ****Verð kr. 46,2 m.****



Bjargartangi – sérhæð

Björt og vel skipulögð 152,2 m² neðri sérhæð með möguleika á 50 m² bílskúr, með sér aðkomu á góðum stað í Mosfellsbæ. 3 svefnherbergi, baðherbergi m/kari, sér þvottahús, stór geymsla, lokað eldhús m/borðkrók, sjónvarpshol, borðstofa og stofa með arni. Sér garður út frá stofu og stór sameiginleg lóð. Bílastæði hellulagt og aðkoma frá Álfatanga.
Verð kr. 34,9 m.



Fellsás – 285,5 m² einbýlishús

Erum með 285,5 m² einbýlishús á sérlega fallegum útsýnisstað í hlíðum Helgafells í Mosfellsbæ. Húsið er á tveimur hæðum og ber augljós merki arkteskins, Vífils Magnússonar. Í húsinu er mjög stórt eldhús, stór stofa, sólskáli, 4 góð svefnherbergi, tvö baðherbergi og sjónvarpshol. Á jarðhæð er stór tvöfaldur bílskúr og 70 m² íbúðarrými, sem vel gæti nýst sem aukaíbúð, skrifstofa eða unglingaherbergi.
Verð kr. 54,0 m.



Klapparhlíð – 3ja herb.

Björt og vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í nýlegu 3ja hæða fjölbýli á vestursvæði Mosfellsbæjar. Nýr grunnskóli og leikskóli eru 3 mínútna göngufjarlægð, en auk þess er verið að byggja inni/útsundlaug ásamt íþróttahúsi á sama stað. Tvö góð svefnherbergi, baðherbergi m/kari, sér þvottahús, geymsla inni í íbúð, fallegt eldhús og björt stofa.
Verð kr. 19,9 m.



Furubyggð – 107 m² endaraðhús

107,2 m² endaraðhús með stórum suðurgarði í fallegri og gróinni lóð. Í húsinu eru tvö rúmgóð svefnherbergi, flísalagt baðherbergi m/kari og sturtu, eldhús m/borðkrók og stór stofa og sólstofa (nú notuð sem 3ja svefnherbergið). Hellulagt bílapiplan með snjóbræðslu og stór og skjósæll suðurgarður.
Verð kr. 29,4 m.



Dalatangi - Fallegt einbýli með góðinni lóð

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá mjög fallegt 233 m² einbýlishús á tveimur hæðum með ca. 80 m² aukarými í kjallara. Aðalhæðin skiptist í 3-4 svefnherbergi, stórt eldhús, stofu, sólstofa, hol og baðherbergi. Í kjallara eru tvö mjög stór herbergi, baðherbergi með gufu og rúmgóður bílskúr. Húsið stendur á mjög fallegri og gróinni lóð. Verönd og heitur pottur að sunnverðu, við sólskála. Flott eign, rétt við alla þjónustu í miðbænum.
Verð kr. 49,7 m.




Furubyggð – 166,3 m² endaraðhús

Erum með stórt og rúmgtt endaraðhús á tveimur hæðum auk risherbergis og bílskúrs. Stofa, borðstofa, eldhús, þvottahús og gestasalerni á jarðhæð, 3 svefnherbergi, baðherbergi og TV-hol á 2. hæð og stórt risherbergi. Stórar svalir í suðastur, afgirt timburverönd út frá stofu og stórt hellulagt bílapiplan. Þetta er falleg eign í grónu og friðsælu hverfi í Mosfellsbæ.
Verð kr. 39,3 m.

Það var líf og fjör á kjördag, þann 27. maí síðastliðinn í sveitarstjórnarkosningar 2006


Kjördagur í Mosfellsbæ




09:12



10:29








12:59



15:53





Verslunarstjóri ársins hjá Bónus

Verslunarstjóri Bónus í Mosfellsbæ, Arnar Pálsson, var valinn Verslunarstjóri ársins hjá Bónus. Hann hefur unnið hjá Bónus í nokkur ár og nú í rúmt ár sem verslunarstjóri í Mosfellsbæ. Myndin var tekin þegar hann tók við viðurkenningunni. Venjulega eru verðlaun af þessu tagi afhent á árhátíð en þar sem Arnar var þá vant við látinn komst hann ekki á árhátíðina á dögnum. Arnar er til vinstri á myndinni.



Bílar búnir til í Varmárskóla

Nemendur í 8. bekk í Varmárskóla tóku þátt í skemmtilegu verkefni í eðlisfræði nú á dögnum. Þar var verkefnið að búa til svokallaðan Brickmobile. Fjórir bílar urðu til og virkuðu þeir misvel. Það var bíllinn Knex sem sigraði keppnina.

Sögukornið



Friðrik G. Olgeirsson
rifjar upp gamla tíma úr sveitinni

Vígsla Varmárlaugar árið 1964

Fram yfir miðja 20. öld var engin sundlaug starfrækt af hálfu Mosfellshrepps. Íbúar sveitarfélagsins áttu þó kost að sækja litla einkasundlaug að Álafossi þar sem Sigurjón Pétursson rak íþróttaskóla sem þekktur var um land allt og laðaði til sín fólk víða að.

Laust fyrir aldamótin 1900 var stífla steypd rétt ofan við fossinn Álafoss í Varmá. Við þær framkvæmdir myndaðist lón sem í fyrstu var ekkert gert með. En árið 1924 fór Sigurjón að nota það til sundiðkunar. Varmá var vel volg á þessum tíma og hitinn þótti notalegur. Fljótlega byrjaði Sigurjón að segja börnum og unglingum til í sundi og smám saman mótaðist með honum sú hugmynd að opna þarna sundlaug. Hann lét reisa hús vestan laugarinnar fyrir búningaðstöðu og í lauginni voru sett upp þrjú dyffingarbretti. Sunnudaginn 12. júní 1927 var sundskálinn opnaður með mikilli viðhöfn þar sem um 20 þekktustu sundmenn landsins komu og kepptu. Þessa laug urðu sveitungar að láta sér lengi nægja og voru sjálfsagt sæmilega ánægðir með þá aðstöðu.

Á sjötta áratugnum fjölgaði fólki nokkuð í Mosfellsveit og um 1960 var tekin sú ákvörðun í hreppsnefnd að byggja veglega sundlaug sem þjónaði gæti öllum íbúum sveitarfélagsins með sóma. Fengin var teikning hjá húsameistara ríkisins sem fyrst hafði verið byggt eftir árið 1945 norður í Ólafsfirði og líkað svo vel að teikningin var víða notuð með smávægilegum breytingum. Sundlauginni var valinn staður sunnan við



Varmárskóla og lokið var við að byggja hana snemma sumars árið 1964, 8x25 metrar að stærð með nauðsynlegum húsakosti.

Fram til 1964 hafði hreppsnefnd aldrei staðið fyrir hátíðarhöldum á 17. júní í Mosfellsveit. Nú var tekin sú ákvörðun að halda daginn hátíðlegan við sundlauginu nýju og vígja hana við það tækifæri. Auðvitað var spennigur og tilhlökkun í mannskapnum og mikið fjölmenni kom saman við lauginu og fagnaði deginum og hinu glæsilega mannvirki. Eins og gefur að skilja var dagskráin blönduð. Hún hófst með útiguðsþjónustu þar sem séra Bjarni Sigurðsson messaði. Því næst flutti Lárus Halldórsson skólustjóri minni dagsins og Arnfríður Ólafsdóttir flutti ávarp Fjallakonunnar. Kórsöngur þykir ávallt tilheyrandi við svona tækifæri og að þessu sinni stjórnaði Oddur Andrésson kór valinkunnra söngmanna. Þessa fyrstu liði má segja að tilheyrta hafi þjóðhátíðinni.

Þá var komið að sundlauginni. Jón M. Guðmundsson oddviti flutti ávarp vegna vígslu hennar og að því loknu stakk Klara Klængsdóttir sundkennari sér í lauginu og synti vígslusundið við fögnuð hátíðargesta. Milli atriða lék lúðrasveit unglingspíla undir stjórn Birgis D. Sveinssonar. Meðal þeirra sem voru í sveitinni voru Guðmundur Jónsson, Bjarni Ásgeir Jónsson, Bjarki Bjarnason og Þorkell Jónsson. Margt fleira gerði fólk sér til gamans við sundlauginu en þegar flestir höfðu fengið nóg var gert kaffihlé. Að því loknu var efnt til knattspyrnukeppni á gamla malarvellinginum og einnig var keppt í fleiri íþróttum. Um kvöldið var dansleikur í Hlégarði og þótti dagurinn hafa tekist með miklum ágætum.

Nú styttest óðum í vígslu þriðju sundlaugarinnar.

Friðrik G. Olgeirsson
sagnfræðingur

Veistu svarið?

- 1 Eftir hvern er listaverkið Hús tímans – hús skáldsins á Stekkjarflöt?
- 2 Hvaða gamalkunna foreldrafélag var nýlega endurreist?
- 3 Hvaða ár var Skólahljóm-sveit Mosfellsbæjar stofnuð?

Svör: 1. Magnús Tómasson, 2. Þrumur og eldingar foreldrafélag yngri flokka í drengja knattspyrnuvæðing og 3. árið 1964.

Söguþráður í Listasalnum

Þann 27. maí opnaði Þórdís Alda Sigurðardóttir sýningu á verkum sínum í Listasal Mosfellsbæjar. Þórdís er búsett í bænum og einnig með vinnustofu sína hér. Sýningin heitir Söguþráður og Þórdís notaðist m.a. við járn og textile við gerð verka sinna. Sýningin verður í salnum til 24. júní og hægt er að skoða verkin á opnunartíma bókasafnsins. Þórdís Alda er til hægri á myndinni.



Sumarnámskeið í Mosfellsbæ sumarið 2006 barna og unglinga

Reiðnámskeið!

Reiðskóli Berglindar.
Uppl. og skráning eftir kl. 16
í s: 8996972 eða 5666401

Listanámskeið!

Sumarnámskeið í Álafosskvos.
Uppl. og innritun
6956694 / 5668228 / 5668587.

Skólagarðar!

Uppl. á Bæjarskrifstofunum
5256700.

Leiklistarnámskeið!

Námskeið Leikfélag Mosfellsveitar verður
með svipuðu sniði í sumar og undanfarin ár.
Uppl. í síma: 5667788

Golfnámskeið!

Golfklúbbur Bakkakots
Verður með 4 námskeið í sumar.
Uppl. í 8990769 og
jon@draumagolf.is

Útlífsnámskeið!

Mosverja. Uppl. hjá Ævar 5666757

Leikjanámskeið!

Íþrótta og tómstundaskóli
Mosfellsbæjar
verður með 3 námskeið í sumar.
1. 12.-30. júní
2. 3.-21. júlí
3. 8.-11. ág.
Uppl. í Íþróttamiðstöðinni

Vinnuskóli Mosfellsbæjar!

Uppl. hjá Atla í 5666058

Sundlaugin að Varmá

Opið í sumar:

Virka daga

06:30 - 22:00. Lengri opnun.

Helgar 09:00 - 18:00.

Fullt að nýjum leiktækjum komin fyrir börnin.

Kíkið við og slappið af í nýja pottinum.

Góð aðstaða til að fara í sólbað.

Golfnámskeið!

Golfklúbburinn Kjölur
með 3 námskeið. Uppl.
í 5667415

Knattspyrnunámskeið!

Aftureldingar verður með 3 námskeið.
Uppl. og skráning í Íþróttamið-
stöðinni 5666754

Sundnámskeið!

Kobba krókudíls og Urðar urtu.
Uppl. í Íþróttamiðstöðinni 5666754

Frjálsíþróttanámskeið!

Frjálsíþróttadeild UMFA verður
með 2 námskeið í sumar. Uppl. hjá
Hlyn 6993456 eða
frjalsar@mi.is

Fimleikanámskeið!

Fimleikadeild UMFA
verður með 5 námskeið í sumar.
Uppl. hjá Önnu Margréti 5666280
annamargret@simnet.is

FRÍSTUND



Frístundastarf í Mosfellsbæ
2006-2007

FRÍSTUND - er komin í öll hús í Mosfellsbæ
-þar má finna nánari upplýsingar um sumarstarf 2006





Framkvæmdir á pósthúsinu

Margur Mosfellingurinn hefur tekið eftir framkvæmdum á gamla pósthúsinu við Markholt. Þessi gamla miðstöð pósts og síma tekur miklum breytingum þessa dagana og menn eru forvitnir um hvað þarna er á seyði. Samkvæmt heimildum Mosfellings er verið að byggja íbúðir sem verða seldar almenníngi. Húsið stóð lengi vel autt eftir að Póstur og sími flutti burt starfsemi sína en nú færast aftur líf í bygginguna.



Auglýsing Framsóknar eyðilögð

Skemmdarverk voru framin á auglýsingu Framsóknar aðfaranótt kosningadags, þann 27. maí. Auglýsingin var á sendiferðabíl og var notuð í kosningabaráttu flokksins. Billinn stóð við Spóahöfða þegar ódæðið var framið. Þetta er leiðindaatvik í lok kosningabaráttunnar.

Söguferð Sögufélagsins

Sögufélag Kjalarnesþings fer í sína árlegu vorferð sunnudaginn 11. júní. Lagt verður af stað með langferðabifreið frá Hlégarði kl. 10 árdegis og ekið í Seljadal í sunnanverðri Mosfellsveit. Þaðan verður gengið yfir í Helgadal í Mosfellsdal og rútan mun sækja göngufólkið þangað. Gönguferðin tekur um tvær klukkustundir og mun ýmislegt sögulegt bera fyrir augu, svo sem Kambsrétt, Nes-sel og ef til vill nykur í Bjarnarvatni! Fararstjóri verður Bjarki Bjarnason. Verið velkomin í vorferðina!



Reiðleið undir Leirvogsa




Síðustu helgi var opnuð ný reiðleið undir Leirvogsa. Hestamenn úr Herði vígðu reiðleiðina á leið sinni í árlegri kjótsúpureið á Kjalarnes. Jóhannes Oddsson og Ragnheiður Þórólfsdóttir úr reiðveganefnd klipptu á borðann og opnuðu þar með kærkomna leið fyrir hestamenn undir Leirvogsa.



Innbrot

Stolið var úr bíl utan Bjargartanga 14 á kosninganótt. Air magnara og rafmagnsfiðlu í kassa var stolið. Fiðlan var sérkennileg í laginu og brún að lit

Peir sem geta gefið einhverjar upplýsingar hafið samband í síma 8609050 Stefán eða 8668179 Gréta Salóme. 20.000 kr. fundarlaun eru í boði.



Í eldhúsinu hjá Önnu Margréti

Argentísk hnetusmjörssúpa að hætti Louise

Í þetta skiptið fáum við uppskrift frá Önnu Margréti Bjarnadóttur, þjónustustjóra hjá Mosfellsbæ. Hún segir súpuna einfaldlega algjört æði. „Þessi uppskrift er frá Louise Roberts, argentínski vinkonu minni, sem rekur dásamlegan veitingastað í frönsku Ölpunum. Hún er annálaður kokkur og veitingastaðurinn vinsæll þó úr alfaraleið sé. Mér finnst gott að setja eina dós af tómötum auka og að minnsta kosti heilan bolla af hnetusmjöri, jafnvel einn og hálfan“. Á myndinni með Önnu er Ólavía Guðrún Gísladóttir dóttir hennar.

1 1/2 b selleri, niðursneitt
1 bolli gullrætur, saxaðar

1 bolli laukur, saxaður
3 rif hvítlaukur, saxaður eða pressaður
2 msk smjörlíki eða olía
Grænmetið steikt í potti í fimm mínútur
1 bolli kartöflur skornar í teninga
1 bolli zucchini, niðursneitt
3-4 bollar vatn
4 tsk pipar

Soðið í tíu mínútur

1 dós tómatar í bitum
1/2 bollihnetusmjör steinselja þurrkuð eða fersk
Látið malla í smástund
Verði ykkur að góðu !



Opnum virka daga kl 7:00



Kynnið ykkur sumardagskrá Skólavefsins !!!

Sögur og smælki - Krossgátur- og þrautahefti - Blóm vikunnar - Lýsing Íslands - Söguhorn barnanna
Matreiðsluhornið - Haraldar saga hárfagra - Grímseyjarlýsing - og fleira..



Skólavefurinn ehf.
Þverholzi 2, 270 Mosfellsbær
Sími: 551 6400
skolavefurinn@skolavefurinn.is

Gagnvirk samræmd próf
Gagnvirkar æfingar
Útprentanlegt efni og verkefni
Sögur
Upplestur
Leikir
Krossgátur
Margmiðlun
Vefsíðnvarp

Danska
Enska
Íslenska
Stærðfræði
Bókmenntir og lestur
Ljód
Málfræði
Stafsetning
Kristniðfræði
Landfræði
Náttúrufræði
Saga
Samfélagsfræði



..farðu á www.skolavefurinn.is



Knattspyrnuskóli Aftureldingar og Jako



Námskeið 1: 12. júní – 23. júní.
Námskeið 2: 26. júní – 7. júlí.
Námskeið 3: 10. júlí – 21. júlí.

-Aukanámskeið-
HM-Námskeið: 24. júlí – 2. ágúst.
Tækninámsk.: 14. ágúst – 18 ágúst.

**„Frábært námskeið
fyrir hressa krakka“**



Hver iðkandi fær bæði bolta og bol þegar hann kemur á námskeiðið. Hvert námskeið er síðan gert upp með pizza-veislu frá Pizzabæ.

Verð

Eitt námskeið 5.000 kr
Tvö námskeið 8.000 kr
Þrjú námskeið 11.000 kr

HM-Námskeið: 4000 kr.
Tækninámskeið: 4000 kr

Upplýsingar gefa þjálfarar í síma 869-5683 Einar Óli Þorvarðarson eða 868-6306 Sigfús Heimisson.



Bjarki nýr þjálfari í handboltanum

Landsliðsmaðurinn fyrrverandi, Bjarki Sigurðsson, hefur tekið við þjálfun meistaraflokks Aftureldingar í handbolta. Bjarki var einn fremsti handknattleiksmaður Íslands fyrr á árum og var okkar helsti maður á gullaldartímabili Aftureldingar þegar liðið vann hvern titilinn á fætur öðrum. Þá mun hornamaðurinn knái, Hilmar Stefánsson, taka að sér starf aðstoðarþjálfara liðsins. Afturelding mun spila í 2. deild næsta vetur.



Magnús áfram á sigurbraut

Magnús Lárusson, kylfingur í golfklúbbum Kili, gerði sér lítið fyrir og vann Ostamótið á Garðavelli, Akranesi, um síðastliðna helgi. Hann gerði gott betur og sló vallarmetið og fór 18 holur á fyrri keppnisdegi á aðeins 66 höggum. Magnús var ekki eini Mosfellingurinn sem stóð sig vel á þessu móti því að Sigurpáll Geir Sveinsson endaði í 2.-3. sæti og Nína Geirsdóttir náði 2. sæti í kvennaflokki.



Jafntefli á heimavelli

Jafntefli, 1-1, varð á milli Aftureldingar og Hugins á Varmárvelli í fyrsta heimaleik Aftureldingar á tímabilinu. Huginn skoraði mark snemma en Afturelding jafnaði leikinn úr vítaspyrnu í síðari hálfleik. Leikmanni Hugins var vísað af velli fyrir brot á Atla Heimissyni og úr vítaspyrnu skoraði Arnar Einarsson. Afturelding tapaði fyrir ÍR, 4-1, á útivelli síðastliðinn föstudag.



Ernir og Einar Ingi á önnur mið

U-20 ára landsliðsmaðurinn í handknattleik, Ernir Hrafn Arnarson, hefur ákveðið að leita á ný mið hvað varðar félagslið í handbolta. Ernir er uppalinn hjá Aftureldingu og var einn besti maður Aftureldingar á nýloknu Íslandsmeistaramóti. Ernir kemur til með að spila áfram í rauðri treyju sem er treyja Vals að Hlíðarenda. Einar Ingi hefur einnig skipt um lið og verður í eldlínunni hjá Íslandsmeisturum Fram á næstu leiktíð.



Fló og fjör hátíðin endurvakin

Hátíðin Fló og fjör sem áður fyrr var haldin árlega var endur vakin þann 27. maí síðastliðinn. hátíðin var haldin í tjaldi við íþróttahúsið að Varmá. Þar var hægt að gera góð kaup á ýmisum varningi sem félagsmenn knattspyrnudeildar Aftureldingar höfðu safnað saman. Það er von að hátíðin verði enn veglegri á næsta ári og að þessi skemmtilega uppákoma verði eftirminnileg hefð hér í bæjarfélaginu.



Sigur í fyrsta leik Riddarans

Hvíti riddarinn hafði sigur úr bítum í sínum fyrsta leik á Íslandsmeistaramótiinu í knattspyrnu þann 23. maí síðastliðinn. Riddarinn sótti lið Léttis heim og vann sannfærandi sigur, 0-3. Það voru þeir Arnar Harðarson, Steingrímur Benediktsson og Mikael Ágústsson sem skoruðu mörkin fyrir Hvíta riddarann.

Lukkan var þeim þó ekki hliðholl miðvikudaginn 31. maí en þá féll Hvíti riddarinn úr Visa-bikarnum þegar hann tapaði fyrir 1. deildarliði HK. Sá leikur endaði 4-0 fyrir Kópavogsbúa.

Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá JAKO

NAMO ehf. - Þverholti 2 - Kjarna
S. 566-7310 og 896-0131

Fax: 566-7241
namo@namo.is



SMÁAUGLÝSINGAR

Íbúð óskast til leigu

33 ára kona (viðskiptalögfræðingur) með tvær dætur óskar eftir 3-4ra herbergja íbúð, helst við Lágafellsskóla frá 1. ágúst n.k. Skilvísun greiðslum heitið. S:8452227/4372227.

Auglýst eftir vinnustofu

Verður að vera minnst 30 fm. Bílskúr kemur til greina. Helst nálægt Varmárskóla. Kolbrún Róberts listmálari 690-3622

Hvolpar til sölu

Yndislega fallegir og myndarlegir Labradorhvolpar til sölu.

Gulir og svartir.

Upplýsingar í síma 865-0408



Sumardekk í úrvali

ÞJÓNUSTA FYRIR ÖLL FARARTÆKI

dekk@dekk.is
www.dekk.is

BÆJARDEKK

Langitangi 1a - sími 565 8188



Örugg og lípur þjónusta

HM boltapartý

10. júní

**Dúettinn
Hljómur**



**Opið
öll
kvöld**

Láttu okkur dekra við þig

Við bjóðum uppá
nudd, bowen,
heilun og slökun,
naglaásetningu,
ósonklefa og
margt fleira.



Þverholt 5 - s. 566 8110

Kosningaþynnkan 2006

Þá er kosningaþynnkan 2006 loks komin upp þvínúer kosningarnar liðnar. Fyrir mér er þetta skemmtilegur tími og ekki skemmir fyrir mér að sveitarstjórnarkosningar eru upp hitun fyrir HM í fótbolta. Já, maður verður var við það þegar maður hittir fólk, úti á götu eða í búðinni, sem vill fá frá manni athygli og gefa manni VATN eða eitthvað dót úr poka sínum, fólk sem ekki fyrir sitt litla líf vildi af manni vita fyrir kosningar.

Þá eru að skella á kosningar.

Jibbí og vei... síminn stoppar ekki, ég er með fullan munn af mintum og ég á tvær nýjar vatnsflöskur í ískápnum, aðra merka EXBÉ og hina XD???? Allt er þetta gott og blessað og gefur þessum stundum líflausa bæ okkar líf þessar vikur sem á þessu stendur.

Ekki veitir af.

Mér finnst að það ættu að vera kosningar einu sinni á ári til að koma sumu af þessu fólki úr hásetum sínum og spyrja okkur kjósendur (skattgreiðendur = launaseðill \$\$\$) hvað okkur finnst og hvað mætti betur fara í þessu ágæta bæjarfélagi. Það erum jú við sem kjósum þ.e.a.s. þeir sem mundu eftir því að mæta og kjósa.

Allt þetta umstang í kringum þessar kosningar er líka gaman fyrir börnin. Það eru grillveislur, hoppkastalar, hestaferðir, blöðrur og nælur (og björkvöld fyrir pabbana). Ég hvet ALLA flokkana til að gera

þetta ekki bara á fjögurra ára fresti heldur minnst einu sinni á ári, og ekki bara fyrir flokksbundna heldur bjóðaðillumbæjarbúum.

Já, kosningar geta svo sannarlega breytt fólki. Vinir manns predika yfir ágætum einhvers flokks með svo miklum eldmóði og æsingi að maður verður hræddur, og hin mestu gæðablóð froðufella við það eitt að heyra á það minnst að þessi eða hinn ætli að kjósa X-?. Barnaland er notað óspart í kosningaáróðri og bæjarbúar fóru þar á kostum.



En nú sitjum við í kosningaþynnkaninni og sjáum eftir öllum ljótu kjaftasögum sem við sögðum um hina og þessa sem voru í framboði og bjóðum eftir því hvort lofordin verða brotin enn og aftur þetta kjörtímabilið...nei, nei bara að grínast.

P.s. Í síðasta pistli skrifaði ég um afmælisdaginn minn og hvað ég vildi fá í afmælisgjöf... ég fékk engan pakka, engan pening... ekki einu sinni símtal eða kort.

**Skammist ykkar.
X-Högni**



HÖGNI SNÆR
...þunnur eftir kosningar

mosfellingur@mosfellingur.is - www.mosfellingur.is



**Bestu pizzurnar
í bænum**

PVERHOLT 2 - KJARNI

MOSFELLINGUR

GLERTÆKNI ehf.



Völuteigur 3
Sími: 566 8888



Gengið til kosninga

Bæjarstýran Ragnheiður Ríkhardsdóttir og eiginmaður hennar Daði Runólfsson, ganga til kosninga ásamt sveitungum sínum Jóni Baldvini Hannibalssyni og Bryndísi Schram. Gleði, eftirvænting og spenna er í loftinu. Þau hentu gaman að því að þau væru öll í sömu kjördeild enda öll búsett í dreifbýli.

Ljósmynd: Hilmur



Grundartangi

Nýtt í sölu.

Vel staðsett 76 fm. endaraðhús við Grundartanga í Mosfellsbæ. Parket og flísar á gólfum. Tvö rúmgóð svefnherbergi. Geymsluft yfir íbúð. Útgegng í góðan garð. 6 fm. gróðurhús í garði. Rólegt og fallegt hverfi. Laus fljótlega. **V. 19,8 m.**



Sumarhús við Hafravatn

Glæsilegur 64 fm. sumarbústaður á bökkum Hafravatns. Frábært útsýni yfir vatnið. 2 góð herbergi. Rúmgóð stofa með kaminu. 50 fm. sólþallur. Bátaskýli. Bátur og bryggja fylgja. Rúmgott eldhús með gaseldavél. Kóld sólstofa. Falleg lóð í góðri rækt. Slátturaktor fylgir. Afgirt lóð. Stór grenilundur í bakgarði.



Bergholt

Mjög vandað 184 fm. einbýli við eina fallegustu götu Mosfellsbæjar. 4 svefnherbergi. 2 baðherbergi/snyrtingar. Björt stofa með arni. Stór bílskúr með geymslu inn af. Fallegur garður. Gróð hverfi. Nýtt K gler í öllum gluggum og nýr þakkanur. **V. 37,8 m.**



Byggðarholt

Nýtt í sölu.

Mjög vel staðsett 176,2 fm. raðhús á einni hæð í Mosfellsbæ. Þrjú góð svefnherbergi með möguleika á 4. Innangengt í bílskúr. Fallegur bakgarður. Hellulagt bílplan. Tvær snyrtingar. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Laust við kaupsamning. **V. 34,7 m.**



BERG
FASTEIGNASALA

Sími:
588 55 30

Opið virka daga frá kl. 9-18

Netfang: berg@berg.is • www.berg.is

Pétur Pétursson

Löggiltur fasteignasali GSM: 897 0047



Fellsás

Nýtt í sölu.

Mjög glæsilegt 286 fm. einbýli á þremur pöllum. Tvíbreiður bílskúr með geymsluft. 5 herbergi. Arn í stofu og stórkostlegt útsýni til Esjunnar og snæfellsjökuls. Lóðin er 1600 fm. Með trám og runnum. Þetta er einstaklega smekklegt og vel hannað hús. Eign fyrir vandláta.



Reykjamelur

Vandað og vel byggt 216 fm. einbýli á tveimur hæðum á einum fallegasta stað í Mosfellsbæ. Húsið stendur á lóð við Varmá, umvafið gróðri. Stór lóð. Eign í algjörum sérflokk. **Óskað er eftir tilboðum í eignina.**



Byggðarholt

Nýtt í sölu.

Mikið endurnýjað 127 fm. raðhús á mjög barnvænum stað í miðbæ Mosfellsbæjar. 3 góð svefnherbergi. Nýtt parket og flísar. Rúmgott baðherbergi. Útgengt á baklóð úr stofu. Smekklegar innréttingar Nýtt þak og verið að mála húsið að utan. Örstatt í skóla og íþróttasvæði.

Berg fasteignasala stofnuð 1989

mosfellingur@mosfellingur.is - www.mosfellingur.is